

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 1007

**Dagsetning:** 5. desember 2023 klukkan 8:30

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Margrét Ólafía Tómasdóttir, yfirlæknir á ÞÍH og kennslustjóri, kom á fundinn undir lið 3 ásamt sérnámslæknunum Borgnýju Skúladóttur, Arndísi Rós Stefánsdóttur, Steindóri Oddi Ellertssyni, Alexander Elfarssyni. Með þeim var einnig Sigurður Davíð Stefánsson hjá Evolv.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 28. nóvember 2023 samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Gæðapróunarverkefni

Margrét Ólafía Tómasdóttir, yfirlæknir á ÞÍH og kennslustjóri, kom á fundinn ásamt sérnámslæknunum Borgnýju Skúladóttur, Arndísi Rós Stefánsdóttur, Steindór Oddi Ellertssyni, Alexander Elfarssyni. Með þeim var einnig Sigurður Davíð Stefánsson hjá Evolv. Kynntar voru hugmyndir að gæðapróunarverkefnum sem nýta rafrænar lausnir. Framkvæmdastjórn tók vel í hugmyndirnar og lagði áherslu á möguleikana á að tengja þau öðrum verkefnum sem þegar eru í gangi ef það hentar.

### 4. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Rætt um breytingar og eflingu á fasteigna- og innkaupaþjónustu HH. Umræður um stefnu stofnunarinnar um stuðning vegna símanotkunar starfsfólks. Ákveðið að setja á fót starfshóp til að endurskoða reglur um kaup á sínum fyrir starfsfólk og greiðslu fyrir notkun á þeim sem á að skila niðurstöðu um miðjan janúar. Svava sér um að koma nefndinni á fót.

### 5. Bólusetningar

Rætt um erindi frá sóttvarnalækni um leiðir til að auka þátttöku í bólusetningum við influensu og Covid-19. Ákveðið var að skipuleggja með stjórnendum allra stöðva að bjóða upp á bólusetningu á ákveðnum tímum án tímabókunar í einhverja daga. RÓE mun eiga samráð við stöðvarnar og vinna með BJ að því að kynna þjónustuna.

### 6. Samstarf stöðva

Umræður um stöðuna á auknu samstarfi Efstaleitis og Glæsibæjar. Rýnt var í gögn um stöðu stöðvanna og rætt um framhaldið. RÓE og NSK falið að halda áfram með verkefnið.

## 7. Verkefnastofa og leiðtogi félagsráðgjafa

Upplýst var um að búið sé að ráða leiðtoga félagsráðgjafa í tímabundið 50 prósentu starf frá áramótum. Rætt var um hvernig hægt sé að skipuleggja klínískra stoðþjónustu þannig að hún virki sem best. RÓE mun halda áfram að vinna í málinu.

## 8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Næstu fundir framkvæmdastjórnar skipulagðir. Áformað er að síðasti fundur framkvæmdastjórnar á árinu verði 12. desember, nema upp komi mál sem ekki þolir bið. Fyrsti fundur á árinu 2024 verður haldinn fimmtudaginn 4. janúar. BJ var falið að boða næstu fundi.

## 9. Samningur við HÍ um geðhjúkrunarnám

Umræður um drög að samningi milli HH og HÍ um meistaranám í geðhjúkrun. Framkvæmdastjórn samþykkti að fela RÓE að klára samninginn.

### Aðgerðir og verkefni

- Stofna starfshóp til að endurskoða reglur um kaup á sínum fyrir starfsfólk og greiðslu fyrir notkun á þeim, sjá lið 4.  
Ábyrgð: SKP
- Skipuleggja þarf átak í bólusetningum á öllum stöðvum HH, sjá lið 5.  
Ábyrgð: RÓE
- Halda þarf áfram vinnu við aukið samstarf heilsugæslustöðvanna Efstaleitis og Glæsibæjar, sjá lið 6.  
Ábyrgð: RÓE og NSK
- Vinna þarf áfram skipulag klínískrar stoðþjónustu, sjá lið 7.  
Ábyrgð: RÓE
- Boða þarf næstu fundi framkvæmdastjórnar, sjá lið 8.  
Ábyrgð: BJ
- Ljúka þarf gerð samnings um meistaranám í geðhjúkrun, sjá lið 9.  
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:45.